

26. ágúst 2020

Fréttatilkynning: Afkoma Sýnar hf. á fyrri helmingi ársins 2020.

Fyrri árs helmingur sýnir batnandi rekstur

Árshlutareikningur samstæðu Sýnar hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2020 var samþykktur á stjórnarfundum þann 26. ágúst 2020.

Helstu niðurstöður:

- Tekjur á öðrum ársfjórðungi (2F) 2020 námu 5.352 milljónum króna sem er aukning um 329 milljónir frá sama tímabili árið 2019. Tekjur Endor ehf. á 2F 2020 námu 943 milljónum króna. Tekjur á fyrri árs helmingi hækkuðu um 349 milljónir króna milli ára, eða um 3%.
- EBITDA nam 1.364 milljónum króna á 2F í samanburði við 1.216 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. EBITDA hlutfallið er 25,5% á 2F 2020 samanborið við 24,2% á 2F 2019. EBITDA á fyrri árs helmingi 2020 nam 2.719 milljónir króna og hækkaði um 243 milljónir króna miðað við fyrri árs helming 2019.
- Tap á 2F 2020 nam 60 milljónum króna samanborið við 215 milljón króna tap á sama tímabili í fyrra. Tap á fyrri árs helmingi ársins nam 410 milljónum króna samanborið við 455 milljóna króna hagnað á sama tímabili árið 2019. Inni í hagnaði fyrri árs helmings ársins 2019 var söluhagnaður að fjárhæð 817 milljónir króna vegna sölu á færeyska dótturfélaginu Hey.
- Handbært fé frá rekstri á fjórðungnum nam 1.753 milljónum króna samanborið við 1.219 milljónir króna á sama tímabili árið áður, sem er aukning um 44%. Handbært fé frá rekstri á fyrri árs helmingi nam 2.805 milljónum króna samanborið við 2.038 milljónir króna á sama tímabili árið áður, sem er aukning um 38%.
- Heildarfjárfestingar félagsins á fyrri árs helmingi námu 1.595 milljónum króna þar af eru fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum (án sýningarrétta) 520 milljónir króna og fjárfesting í sýningarréttum 1.075 milljónir króna.
- Fjármögnunarhreyfingar á fyrri árs helmingi voru neikvæðar á tímabilinu um 1.445 milljónir króna á móti 190 milljónum króna á sama tímabili árið 2019 sem er breyting um 1.255 milljónir króna.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 26,8% í lok fyrri árs helming 2020.
- Það er óbreytt markmið stjórnenda að ná aukinni EBITDA framlegð og betra sjóðstreymi úr rekstri félagsins á árinu 2020. Skipulega er unnið að slíkri breytingu en ekki er að fullu fyrirséð að hve miklu leyti COVID-19 faraldurinn muni hafa áhrif á þetta markmið. Fjárfestingar ársins í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum (án sýningarrétta) verða í kringum 1 milljarður.

Helstu niðurstöður úr rekstri á fyrri ársþhelmingi 2020

	2F 2020	2F 2019	% breyt.	6M 2020	6M 2019	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	5.352	5.023	7%	10.347	9.998	3%
Kostnaðarverð	-3.717	-3.290	13%	-7.067	-6.358	11%
Framlegð	1.635	1.733	-6%	3.280	3.640	-10%
Rekstrarkostnaður	-1.571	-1.769	-11%	-3.237	-3.591	-10%
EBITDA	1.364	1.216	12%	2.719	2.476	10%
EBIT	64	-36	-	43	49	-
Hrein fjármagnsgjöld	-182	-257	-	-623	-515	-
Áhrif hlutdeildarféлага	28	8	-	48	828	-
Tekjuskattur	30	70	-	122	93	-
(Tap) / hagnaður tímabilsins	-60	-215	-	-410	455	-
<i>Framlegð %</i>	<i>30,5%</i>	<i>34,5%</i>		<i>31,7%</i>	<i>36,4%</i>	
<i>EBITDA %</i>	<i>25,5%</i>	<i>24,2%</i>		<i>26,3%</i>	<i>24,8%</i>	
<i>EBIT %</i>	<i>1,2%</i>	<i>-0,7%</i>		<i>0,4%</i>	<i>0,5%</i>	

Heiðar Guðjónsson, forstjóri:

„Fyrri ársþhelmingur sýnir batnandi rekstur. Handbært fé frá rekstri eykst umtalsvert og frjálst sjóðstreymi batnar stórlaga. Reksturinn hefði verið arðsamur ef COVID-19 hefði ekki komið til en bæði auglýsinga- og reikitekjur minnkuðu umtalsvert á tímanum auk þess sem tekjur komu ekki inn að fullu af tveimur stærstu efnisréttunum, EM í fótbolta og Meistaradeildinni, líkt og ráð hafði verið fyrir gert.

Við erum enn að hagræða og sjáum tækifæri til að nýta betur fjármagnið með samnýtingu fjárfestinga. Í því augnamiði er verið að færa meiri rekstur og fjárfestingar inn í Sendafélagið, sem er rekið með Nova. Samþykki eftirlitsaðila liggur þegar fyrir hvað þetta varðar. Aðgerðirnar munu bæta arðsemi rekstrar farsímakerfisins. Það er svo til athugunar að þjóða hluta farsímakerfisins til sölu, sem myndi skila umtalsverðu fjármagni til hluthafa. Alþjóðlegir aðilar hafa mikinn áhuga á fjárfestingum í innviðum símfyrirtækja og margfaldarar í viðskiptum eru mun hærri en gerist á almennum hlutabréfamarkaði.

Enn er beðið eftir athugasemdum frá eftirlitsaðilum vegna hugsanlegs samstarfs allra þriggja símfyrirtækjanna varðandi sameiginlega uppbyggingu 5G. Þar teljum við að hagsmunir almennings og þjóðaröryggi fari algerlega saman því verið væri að útvíkka birgjasambönd og tryggja sem besta samningsstöðu við erlenda framleiðendur. Það væri fráleitt að takmarka aðgengi íslenskra einkafyrirtækja að besta og ódýrasta búnaðinum til þess eins að þóknast utanríkispolítík Donalds Trump.

Hluthafar fara loks að fá þolinmæði sína verðlaunaða, enda er viðsnúningur að koma fram. Það er ætlun mín að skila fjármagni til hluthafa á næstu misserum.“

Rekstrarafkoma á 2. ársfjórðungi 2020:

Tekjur félagsins á 2F 2020 námu 5.352 milljónum króna sem er 329 milljón króna hækkun frá sama tímabili árið áður.

Tekjur af fjölmiðlun námu 1.848 milljónum króna á 2F og lækkuðu um 15% á milli ára. Tekjur af interneti námu 1.148 milljónum króna á 2F, sem er lækkun um 60 milljónir króna á milli ára eða 5%. Tekjur af farsíma námu 834 milljónum króna og lækkuðu um 136 milljónir miðað við sama tímabil árið 2019. Tekjur af fastlínu námu 155 milljónum króna á 2F og lækkuðu um 24% á milli ára. Tekjur vegna hýsingar- og rekstrarlausna sem er kjarnastarfsemi Endor ehf. námu 943 milljónum króna. Tekjur af vörusölu námu 242 milljónum króna á tímabilinu sem er 13% lækkun miðað við sama ársfjórðung 2019. Aðrar tekjur námu 182 milljónum króna á 2F og lækkuðu um 7% á milli ára.

Kostnaðarverð nam 3.717 milljónum króna og hækkaði um 13% á milli ára. Rekstrarkostnaður nam 1.571 milljónum króna og er 11% lægri en á sama tímabili árið 2019. EBITDA tímabilsins nam 1.364 milljónum króna og hækkar um 148 milljónir króna miðað við sama tímabil árið 2019. EBITDA hlutfall var 25,5% samanborið við 24,2% árið áður.

Hrein fjármagnsgjöld námu 182 milljónum króna á 2F 2020 sem er lækkun um 75 milljónir króna á milli ára. Gengistap lækkar um 9 milljónir frá 2F 2019, vextir af langtímaskuldum lækka um 95 milljónir milli fjórðunga en vextir vegna leigusamninga aukast um 41 milljónir sem skýrist að mestu af viðbót vegna fjármögnunarleigusamninga Endors. Tap á 2F 2020 nam 60 milljónum króna samanborið við 215 milljón króna tap á sama tímabili í fyrra.

Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2020:


Handbært fé frá rekstri á 2F ársins 2020 var 1.753 milljónir króna sem er 44% hækkun frá fyrra ári.

Fjárfestingahreyfingar námu 857 milljónum króna á 2F 2020.

Fjármögnunarhreyfingar félagsins námu 855 milljónum króna á 2F 2020.

Handbært fé í lok 2F nam 410 milljónum króna sem er hækkun um 32 milljónir króna miðað við sama tímabil árið 2019.

Sjóðstreymi 2F 2020



Rekstrarafkoma á fyrri ársþelmingi 2020:

Tekjur félagsins á fyrri ársþelmingi 2020 námu 10.347 milljónum króna sem er 349 milljón króna hækkun miðað við sama tímabil í fyrra.

Tekjur af fjölmiðlun námu 3.791 milljónum króna á fyrri ársþelmingi og lækkuðu um 13% á milli ára. Tekjur af interneti námu 2.308 milljónum króna á fyrri ársþelmingi, sem er lækking um 106 milljónir króna á milli ára eða 4%. Tekjur af farsíma námu 1.745 milljónum króna og eru 138 milljónum króna lægri en á sama tímabili árið 2019. Tekjur af fastlínu námu 322 milljónum króna á fyrri ársþelmingi og lækkuðu um 24% á milli ára. Tekjur vegna hýsingar- og rekstrarlausna sem er kjarnastarfsemi Endor ehf. námu 1.315 milljónum króna á fyrri ársþelmingi 2020. Tekjur af vörusölu námu 476 milljónum króna á tímabilinu sem er 9% lækking miðað við sama tímabil árið 2019. Aðrar tekjur námu 390 milljónum króna á fyrri ársþelming og lækkuðu um 5% á milli ára.

Kostnaðarverð nam 7.067 milljónum króna og hækkaði um 11% á milli ára. Rekstrarkostnaður nam 3.237 milljónum króna og er 10% lægri en á sama tímabili árið 2019. EBITDA tímabilsins nam 2.719 milljónum króna og hækkar um 243 milljónir króna miðað við sama tímabil árið 2019. EBITDA hlutfall var 26,3% samanborið við 24,8% árið áður.

Hrein fjármagnsgjöld námu 623 milljónum króna á fyrri ársþelming 2020 sem er hækkun um 108 milljónir króna á milli ára. Gengistap eykst um 174 milljónir frá fyrri ársþelming 2019, vextir af langtímaskuldum lækka um 145 milljónir milli tímabila en vextir vegna leigusamninga aukast um 74,6 milljónir sem skýrist að mestu af viðbót vegna fjármögnunarleigusamninga Endors. Tap á fyrri ársþelmingi ársins 2020 nam 410 milljónum króna samanborið við 455 milljóna króna hagnað á sama tímabili í fyrra. Inni í hagnaði fyrri ársþelmingis ársins 2019 var söluhagnaður að fjárhæð 817 milljónir króna vegna sölu á færeyska dótturfélaginu Hey.

Sjóðstreymi 6 mánaða 2020:


Handbært fé frá rekstri á fyrstu 6 mánuðum ársins 2020 var 2.805 milljónir króna sem er 38% hækkun frá fyrra ári.

Fjárfestingahreyfingar námu 1.595 milljónum króna.

Fjármögnunarahreyfingar félagsins námu 1.445 milljónum króna á fyrri ársþelmingi ársins 2020.

Handbært fé í lok fyrri ársþelmingis nam 410 milljónum króna sem er hækkun um 32 milljónir króna miðað við sama tímabil árið 2019.

Sjóðstreymi 6M 2020



Efnahagur 30. júní 2020:

Eigið fé í lok tímabilsins nam 8.385 milljónum króna og eiginfjárhlutfall var 26,8%. Útgefið hlutafé í lok tímabilsins nam 2.964 milljónum króna.

Heildarskuldir félagsins voru 22.923 milljón króna í lok fyrri árshelming 2020. Hreinar vaxtaberandi skuldir voru 16.604 milljón króna í lok fjórðungsins. Veltufjárhlutfall var 1,1.

Kynningarfundur 27. ágúst 2020:

- Opinn kynningarfundur vegna uppgjörsins verður haldinn fimmtudaginn 27. ágúst 2020. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum Sýnar, 6. hæð, Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík og hefst klukkan 8:30.
- Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Sýnar á <https://syn.is/fjarfestatengsl> og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.
- Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://syn.is/fjarfestatengsl>.

Fjárhagsdagatal 2020:

- | | |
|-------------------|------------------|
| ✓ Afkoma 3F 2020 | 4. nóvember 2020 |
| ✓ Afkoma 4F 2020 | 24. febrúar 2021 |
| ✓ Aðalfundur 2020 | 19. mars 2021 |

Frekari upplýsingar:

- ✓ Tekið er á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is.